



Hreppsnefnd 01.11.07

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 1. nóv. 2007 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.
Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsóttir, Ólafur K. Ármannsson, Halldóra S. Árnadóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Einar Víglundsson.
Einnig mættur: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri og ritaði hann fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 18. október sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 18. okt. október sl.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar frá 22. okt. sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir hugmyndum um að koma á fót menningar -og menntasetri á Vopnafirði. Frumforsenda til þess að það tækist væri að mögulegt yrði að fjármagna eitt stöðugildi er sinni málefnum setursins.

Allmiklar umræður urðu um þetta mál og hvernig best yrði staðið að því að ná árangri.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 10. okt. sl.

Fundargerð fræðslunefndar frá 10. okt. sl. lögð fram til kynningar.

4. mál Aðalfundur HAUST 2007 7. nóv. nk.-Tilnefning fulltrúa-

Lögð fram gögn vegna aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands, sem haldinn verður á Reyðarfirði þann 7. nóv. nk.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með atkvæði Vopnafjarðarhrepps á fundinum.

Til vara verði forstöðumaður áhaldahúss.

5. mál. Vinnuhópur um framkvæmdaáætlun í barnavernd-Tilnefning fulltrúa-

Lögð fram gögn varðandi starfshóp um gerð framkvæmdaáætlunar í barnaverndarmálum.

Fram kom tillaga um að þórunn Egilsdóttir verði fulltrúi Vopnafjarðarhrepps í starfshópnum.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

6. mál. Olíuleit á Drekasvæði, afgreiðslu frestað á fundi 18. okt. sl.

Um þetta mál var einnig fjallað á fundi hreppsnefndar 18. okt. sl.

Grein var gerð fyrir fundum sem átt hafa sér stað á undanförunum vikum með fulltrúum

Langesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Lögmannstofunnar Regula og Kristins Péturssonar. Einnig lögð fram gögn vegna stofnunar einkahlutafélags sem ætlað er að vinna að þessum málefnum.

Fram kom að hugmyndin væri sú að í upphafi yrði einkahlutafélagið alfarið í eigu sveitarfélaganna tveggja, eða félaga í þeirra eigu, en gert væri ráð fyrir því að fljótlega kæmu Regula og Kristinn

Pétursson að því með 10% eignarhlut hvor aðili. Eignarhlutur hvors um sig yrði greiddur með því vinnuframlagi er aðilar hefðu innt af hendi fram til þess tíma að félagið er stofnað auk þeirra gagna

er aflað hefur verið í tengslum við þá vinnu og að ekki yrði um frekari kröfur af þeirra hálfu að ræða á hendur félaginu. Einnig kom fram að náðst hefði samkomulag á milli aðila um það hvernig fara

skuli með lóðarverðmæti og réttindi þeim tengd. Þá er og gert ráð fyrir því að fyrir liggi yfirlýsing milli

Vopnafjarðarhrepps og Langesbyggðar um það að komi til uppbyggingar sérstakrar hafnar

einhversstaðar í sveitarfélögunum verði sú uppbygging unnin í samvinnu sveitarfélaganna og um reksturinn skipað sérstakt rekstrarsamlag.

Fyrsta verkefni félagsins verði að afla fjár til þess að vinna þarfaskilgreiningu um það hvaða

tækifæri geta falist í olíuleit á Drekasvæðinu.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga: “Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að gerast eignaraðili að sérstöku einkahlutafélagi í samvinnu Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar. Í upphafi verði sveitarfélögin einu eigendur félagsins og skiptist eignarhlutur jafnt á milli þeirra. Leitað verði eftir aðkomu ríkisvaldsins að félaginu og undirbúningi og fjármögnun verkefnisins. Stjórn félagsins verði þriggja manna og þrjár til vara. Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps í stjórninni verður Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri og til vara verður Anna Pála Víglundsdóttir oddviti sveitastjórnar.”

Eftir talsverðar umræður var fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða og sveitarstjóra heimilað að undirrita nauðsynleg gögn varðandi stofnun félagsins.

7. mál Bréf félagsmálaráðuneytisins dags. 12. okt. sl. varðandi reglur um ráðstöfun á 1.400 m.kr. aukaframlagi Jöfnunarsjóðs.

Lagt fram bréf Félagsmálaráðuneytisins varðandi reglur um ráðstöfun 1.400 m.kr. aukaframlags Jöfnunarsjóðs á árinu 2007.

Gerð var grein fyrir skiptingu aukaframlaganna og einnig hvernig öðrum framlögum sjóðsins hefur verið skipt til hinna mismunandi sveitarfélaga.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga: “Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps vill af gefnu tilefni beina því til viðkomandi stjórnvalda að Jöfnunarsjóður Sveitarfélaga verði í ríkara mæli nýttur til þessa ó styðja við sveitarfélög sem eiga í vök að verjast varðandi rekstargjöld í hlutfalli af tekjum. Ljóst er til að mynda að mikill munur er á þróun hagvaxtar milli svæða á landinu eftir því hvort þau eru stödd á svokölluðum þenslusvæðum eða utan þeirra. Nauðsynlegt er að Jöfnunarsjóður nýtist í auknum mæli til þess að jafna samkeppnisaðstöðu milli svæða.

Ennfremur telur hreppsnefnd sérstakt tilefni til þess að breyta reglum varðandi úthlutun tekjujöfnunarframlaga.”

Miklar umræður urðu um nauðsyn þess að reglur sjóðsins tækju meira tillit til þeirra sveitarfélaga sem ættu í vök að verjast á hverjum tíma.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

8. mál Dagur Íslenskrar tungu bréf dags. 15.okt. sl.

Lagt fram bréf dags. 15. okt. sl. varðandi dag íslenskrar tungu, sem er 16. nóv. nk.

Samþykkt að koma erindinu á framfæri í stofnunum sveitarfélagsins, grunnskóla, leikskóla og bókasafni og hvetja forsvarsmenn til þess að viðkomandi stofnanir beiti sér fyrir sérstöku átaki þennan dag í þágu íslensks máls.

9. mál. Norðausturvegur(85) Brunahvammsháls-Bunguflói-Útboð

Lögð fram auglýsing um útboð á 1. áfanga Norðausturvegar(85), Brunahvammsháls – Bunguflói, sem er fyrsti áfangi að tengingu Vopnafjarðar við Hringveginn með nútímalegum hætti. Áfanga þessum skal lokið haustið 2008.

Tilboð verða opnuð þriðjudaginn 13. nóv. nk. hjá Vegagerðinni.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fagnar því að nú hylli undir tengingu Vopnafjarðar við Hringveginn með nútímalegum hætti og hvetur stjórnvöld til þess að sjá til þess að nægjanlegir fjármunir verði til á samgönguáætlun til þess að ljúka heildarframkvæmdinni á tilskyldum tíma.

10.mál Ýmis bréf og mál:

a) Fundargerð aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands frá 15. okt. sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2007.

Lagt fram til kynningar.

c) Kvennaathvarf bréf dags. í okt. sl. varðandi styrk.

Vísað til fjárhagsáætlunar.

d) Gögn frá fundi með þingmönnum kjördæmisins 24. okt. sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.